



Íslandsmót í tvímenningi 2007

Íslandsmót í tvímenningi 2007 verður haldið dagana 14 og 15 maí 2007.
Notaður verður deildarolíuburður í mótinu.

Forkeppni mánudaginn 14. maí kl. 19:00 í Keilhöllinni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 10 tvímenningarnir halda áfram í milliriðil.
Verð í forkeppni kr. 4.200,- pr. tvímenning.

Milliriðill mánudaginn 14. maí kl. 21:00 í Keiluhöllinni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 6 tvímenningarnir halda áfram í undanúrslit.
Verð í milliriðil kr. 3.500,- pr. tvímenning.

Undanúrslit þriðjudaginn 15. maí kl. 19:00 í Keiluhöllinni

Spilað er allir við alla einföld umferð. Efstu 2 tvímenningarnir leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.
Verð í undanúrslit kr. 3.500,- pr. tvímenning.

Úrslit þriðjudaginn 15. maí – strax að loknum undanúrslitum:

Tveir stigahæstu tvímenningarnir leika síðan til úrslita, sá tvímenningur sem er efstur að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflis viðureignir teljast sem hálft stig á hvorn tvímenning. Ef enn er jafnt eftir 5 leiki skal pinnafall ráða.

Sjá nánar í reglugerð KLI um Íslandsmót í tvímenningi.

Skráning fer fram á netfanginu skraning@kli.is. Skráningu lýkur miðvikudaginn 9. maí klukkan 22.00.